

**Nd.**

**633. Nefndarálit**

**[196. mál]**

um frv. til laga um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Frv. var vísað til nefndarinnar 4. þ. m. og tekið fyrir í nefndinni næsta dag og síðan rætt þar ýtarlega á nokkrum fundum. Vegna þess, hversu langt var liðið á þingtímann, vannst ekki tími til að senda frv. til umsagnar, enda er það samið af millipinganefnd, sem hafði undirbúið það mjög vandlega. Nefndin ræddi hins vegar frv. ýtarlega við forstjóra Tryggingastofnunarinnar og kynnti sér öll þau erindi, sem Alþingi höfðu verið send með ábendingum um ýmis atriði frv. Einnig ræddi nefndin við suma þá aðila, sem erindi sendu. Þá ræddi nefndin ýtarlega frv. í heild og bar það saman við gildandi lagaákvæði.

Nefndin er sammála um, að nýmæli þau, sem frv. felur í sér frá gildandi lögum, séu svo mikilvæg, að sjálfsagt sé, að frv. verði gert að lögum á þessu þingi, jafnvel þótt ekki gefist tími til að koma fram breytingum, sem vel gæti komið til mála að gerðar væru, ef nægur tími gæfist til þess að athuga þær. Nefndin er því sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, sem hún ber

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að bera fram breytingartillögur eða fylgja öðrum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 9. apríl 1963.

Gísli Jónsson,  
form., frsm.

Birgir Finnsson,  
fundaskr.

Jón Skaftason.

Guðl. Gíslason.

Hannibal Valdimarsson.